

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**21. september 2021**

**Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um sveigjanleg starfslok**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að Reykjavíkurborg taki upp sveigjanleg starfslok, en í dag gilda reglur borgarinnar og ákvæði kjarasamninga sem skylda starfsmenn til að hætta í starfi við sjötugt. Mannauðs- og starfsumhverfissviði verði falið að vinna að útfærslu og innleiðingaráætlun og leggja hana fyrir borgarráð eigi síðar en 1. desember næstkomandi.

**Greinargerð**

Lífaldur fer hækkandi á Íslandi, en auk þess eru æ fleiri við góða heilsu á efri árum. Borgin hefur sett reglur sem skylda starfsmenn til að hætta við sjötugt. Í sumum tilfellum er um að ræða starfsmenn með góða starfsorku og vilja til að halda áfram að vinna. Það væri réttara, sanngjarnara og skynsamlegra að leyfa þeim sem geta og vilja vinna áfram. Í kjarasamningum sem borgin hefur gert hefur 70 ára starfsmönnum verið gert skylt að hætta. Fara þarf í heildstæða endurskoðun á reglum og samningum borgarinnar til að innleiða sveigjanleg starfslok þannig að stjórnendur og aðrir starfsmenn hafi valfrelsi um að starfa ef þeir hafa getu og vilja til. Það er mannréttindamál.